

Alþingi
Erindi nr. P 140/556
komudagur 30.11.2011



Alþingi-nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 29. nóvember 2011
Tilvísun: Fvr 2011110023 IKHS

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fornleifarannsóknir í Árnesi og við fossinn Búða, norðan Þjórsár

Fornleifavernd ríkisins hefur borist erindi yðar dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar vegna þingsályktunartillögu um fornleifarannsóknir í Árnesi og við fossinn Búða, norðan Þjórsár.

Fornleifavernd ríkisins hefur ítrekað bent á að Ísland, á eitt Norðurlandanna, og jafnframt eitt fárra Evrópulanda eftir að heildarskrá fornleifar sínar á vettvangi. Það sem þetta merkir er að við höfum mjög takmarkaða þekkingu á eðli þeirra fornleifa sem finnast í landinu. Okkur vantar þekkingu á um 70% fornleifa landsins og skortir því allan grundvöll til þess að hægt sé að móta stefnu um hvaða fornleifar eigi að verja til framtíðar, hverjar eigi að rannsaka og hverjar eigi að nýta í þágu ferðaþjónustu. Átak í vettvangsskráningu fornleifa landsins, sem tæki 5 ár og kostaði um 1000 milljónir króna er þarfasta verkefnið á sviði fornleifafræði sem Alþingismenn gætu stutt á næstu árum. Með slíku verkefni væri hægt að tryggja atvinnu fyrir fjölda fornleifafræðinga þjóðarinnar næstu árin. Þekkingin sem verður til við vettvangsskráninguna mun verða grundvöllur stefnumörkunar í nýtingu minja í ferðaþjónustu. Fornleifarannsóknir í kjölfar skráningarinnar, uppbygging og ferðaþjónusta tengd minjum mun veita fjölda manna framtíðar atvinnu.

Samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ríkisstofnuninni Fornleifavernd ríkisins falið að sjá um stjórnslu fornleifamála á Íslandi. Skv. 2. gr. er henni falið að móta stefnu og að gera langtímaáætlanir, sem lúta m.a. að fornleifarannsóknunum. Þá er stofnuninni skv. 15.gr. gert að taka ákvörðun um leyfisveitingar vegna fornleifarannsóknna á Íslandi, en nánar er fjallað um þær í reglum nr. 390/2006 um veitingu leyfa til fornleifarannsóknna. Með þingsályktunartillögunni er Alþingi að taka þetta vald frá Fornleifavernd ríkisins og gerist ekki einungis handhafi löggjafarvalds, heldur í raun einnig framkvæmdavalds með því að ákveða hvaða staði á að rannsaka með fornleifauppgreiftri á Íslandi. Slíkt getur varla verið ætlun Alþingis. Þar að auki er verið að fjalla um friðlýstar fornleifar í þingsályktunartillögunni og uppgröft á þeim, svo sem Árnes, en um þann stað má lesa nánar í friðlýsingaskrá á heimasíðu Fornleifaverndar ríkisins (

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20060404110211841.pdf>). Það er stefna Fornleifaverndar ríkisins að varðveita þær minjar sem eru friðlýstar, svo fremi sem þær liggi ekki undir skemmdum.

Þá er það almenn stefna Fornleifaverndar ríkisins að byggja ekki upp fornleifar, þótt veitt sé leyfi til að byggja yfir minjar í einstaka tilfellum. Stefna stofnunarinnar er að endurgerðir minja séu reistar í hæfilegri fjarlægð frá sjálfum minjastaðnum, á stað sem ekki raskar öðrum fornleifum.

Það væri spennandi að þróa þingsályktunartillöguna og leggja áherslu á að skrá minjarnar nákvæmlega á vettvangi í tengslum við heildarskráningu fornleifa á Íslandi. Með minjum er einnig átt við leiðir og allt menningarlandslag á minjasvæðinu. Fornleifavernd ríkisins hvetur þingmenninna til að taka höndum saman með Fornleifavernd ríkisins og beita sér fyrir átaki í heildarskráningu fornleifa á Íslandi. Það er löngu tímabært verkefni og yrði okkur öllum til sóma. Í kjölfarið væri hægt að velja spennandi staði til að rannsaka og gera þá síðan aðgengilega fyrir ferðamenn og fróðleiksfúsa Íslendinga.

Virðingarfyllt



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður